**Sþ. 702. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 og við brtt. á þskj. 691 og 692.

I. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 13. gr. A. II. a. 12. Nýr liður:
Útnesvegur (þar af 50 þús. til vegargerðar frá Hellissandi að flugvelli við Gufuskála) .......... 100 000

II. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
1. Við 13. gr. A. VI. 3. (Bókasafn verkamanna).
Fyrir „4 000“ kemur .......... 10 000
2. Við brtt. 292,12. 7. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarfjörður).
Fyrir „280 500“ kemur .......... 600 000

III. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við brtt. 692,13. 16. (Við 13. gr. C. IX. — Grafarnes).
Fyrir „63 800“ kemur .......................................... 100 000

IV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Arnfinni Jónssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 14. gr. B. XXX. (Rannsóknir á þroskastigi skólabarna).
Nýr liður á eftir 2:
Vegna aðstoðarmanns .......................................... 18 000

V. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. A. III. 9. Nýr tölul. (10):
Til viðhalds Snorragöngum í Reykholti .................... 5 000

VI. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. VI. 30. Nýr liður:
Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfél. í Hafnarfirði .......... 5 000
*Til vara* .......................................... 3 000

VII. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 11. Liðurinn orðist svo:
Til að þýða rit Jóns Dúasonar á enska tungu ................ 25 000
enda telji lagadeild háskólans ritin þess eðlis, að rétt sé að gefa þau út að tilhlutun ríkisins.

VIII. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. X. 5. (Leikfél. Hafnarfjarðar).
Fyrir „3 000“ kemur .......................................... 6 000

IX. Frá *Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. A. XI. 9. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur vegna söngfarar 1946, gegn jafnháu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur .......................... 40 000

X. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 20. gr. Út. VII. (Menntaskólahús í Rvík).
Fyrir „500 000“ kemur .......................................... 1 000 000

XI. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að festa kaup á eða gera byggingarsamning um hafrannsóknaskip og verja til þess allt að 500 þús. kr.

XII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Arnfinni Jónssyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða stúdentagörðunum í Reykjavík 100 þús. kr. vegna stofnkostnaðar.

XIII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við brtt. 691,45. f. (Við 22. gr. XII. — Vestmannaeyjalóðir). Upphaf liðarins skal orða svo:
Að verja lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum — o. s. frv.

XIV. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnari Thoroddsen, Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Zóphóníassyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að veita Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara allt að 25 þús. kr. lán til byggingar vinnustofu.

XV. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að veita Sigmundi Lýðssyni bónda, Einfætingsgili, Óspakseyrarhreppi, Strandasýslu, 5 þús. kr. styrk til að koma upp vélaverkstæði.

XVI. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 22. gr. XII. Nýir liðir:

1. Að veita forstöðumönnum skipulagsmála, vegamála, húsagerðar ríkisins, vitamála og rafmagnsmála 5000 kr. ferðastyrk hverjum til að kynna sér nýjungar í sérgreinum sínum á Norðurlöndum, Englandi eða Bandaríkjunum, og skulu útgjöld þessi talin með skrifstofufé þessara stofnana.
2. Að greiða til hæstaréttar 5 000 kr. utanfararstyrk fyrir elzta dómarann í réttinum.
3. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Kaupfélag Þingeyinga til að stofna mjólkurbú, allt að helmingi stofnkostnaðar.
4. Að verja 100 þús. kr. til fyrirhleðslu Fauska og annarra varnargarða við Markarfljót.

XVII. Frá *Katrínu Thoroddsen.*

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að verja allt að einni milljón króna til byggingar farsóttasjúkrahúss í Reykjavík, enda leggi Reykjavíkurbær fram ⅓ hluta byggingarkostnaðar.

XVIII. Frá *Pétri Magnússyni, Steingrími Steinþórssyni, Jóni Sigurðssyni, Jónasi Jónssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Þorsteini Þorsteinssyni, Barða Guðmundssyni, Einari Olgeirssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að greiða Sigurði Sigurðssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XIX. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að taka allt að 15 millj. kr. lán til íbúðarhúsabyggingar samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946.